

Boðandi:	Unnur Valborg Hilmarsdóttir
Dags:	02.05.2018
Boðaðir:	Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásbjörn Þ Björgvinsson, Díaná Mjöll Sveinsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason, Þórir Garðarsson, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Ása María H. Guðmundsdóttir
Fundarmenn:	Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Díaná Mjöll Sveinsdóttir, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason, Þórir Garðarsson, Skarphéðinn Berg Steinarsson, Ása María H. Guðmundsdóttir
Gestir fundarins	Sigrún Brynja Einarsdóttir úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Hlynur Ingason og Benedikt S. Benediktsson úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Anna Katrín Einarsdóttir frá Stjórnstöð ferðamála
Bréfalykill:	2.3.3
Málsnúmer:	ANR18010128
Efni:	21. fundur ferðamálaráðs

Frásögn af fundi

1. Starfsreglur ráðsins voru uppfærðar eftir umræður á síðasta fundi og skrifuðu fundarmenn undir þær í upphafi fundar.
2. Hlynur Ingason og Benedikt S. Benediktsson úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu kynntu fyrir ráðinu yfirlit yfir tillögur í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna aðgerða gegn skattundanskotum og skattsvikum. Fjórar tillögur voru kynntar og sköpuðust þó nokkrar umræður um hverja tillögu fyrir sig. Í framhaldi af kynningunni var það rætt að fá þá aðila sem fara með framkvæmd laganna á næsta fund ráðsins.
3. Sigrún Brynja Einarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kynnti nýútgefna skýrslu ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku. Farið var yfir aðdraganda og uppbyggingu skýrslunnar sem og helstu niðurstöður. Niðurstöður skýrslunnar voru m.a. þær að skortur væri á samfellu og hagnýtingu rannsókna, að skilgreina þyrfti viðmið um ásættanlegar breytingar vegna ferðamennsku og að auka þyrfti samhæfingu og samspil áætla. Ákveðið var að ritari kæmi til ráðsins hlekk á skýrsluna ásamt glærुकynningu frá höfundum skýrslunnar.
4. Anna Katrín Einarsdóttir frá Stjórnstöð ferðamála kynnti fyrir ráðinu nýjar áherslur Vegvísis í ferðaþjónustu en Stjórnstöðin hefur undanfarið í samstarfi við helstu hagaðila verið að vinna að uppfærslu á þeim áherslum sem teknar voru fram í Vegvísinum 2015. Rauði þráðurinn í niðurstöðum vinnunnar var sterkt ákall eftir skýrri sýn og stefnu í ferðamálum en mörg verkefni eru nú þegar farin í gang með það að leiðarljósi. Ítarleg samantekt á niðurstöðum verður birt á heimasíðu Stjórnstöðvarinnar.

5. Önnur mál

- a. Formanni ferðamálaráðs barst bréf frá verkefnisstjórn ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um mótun ferðamálaáætlunar 2020-2025 þar sem óskað var eftir innleggi ráðsins í vinnuna sem er að hefjast. Ekki þótti tímabært fyrir ferðamálaráð að skila inn umsögn en ákveðið var að formaður ráðsins myndi ræða við formann verkefnisstjórnarinnar og fá álit varðandi aðkomu ráðsins.
- b. Í kjölfar umræðna um sem sköpuðust varðandi tillögur fjármála- og efnahagsráðherra sem kynntar voru á fundinum var ákveðið að formaður ferðamálaráðs myndi fá fund með ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og gera henni grein fyrir sjónarmiðum ráðsins.
- c. Umræður um málefni Vatnajökulsþjóðgarðs og vinnu við breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins sem staðið hefur yfir. Ráðið fagnar vinnu við skipulag innan þjóðgarðsins sem löngu er tímabært en harmar að svo virðist sem vinnan og niðurstaða hennar hafi verið illa kynnt. Ekki hafi verið viðhaft samráð við hagsmunaaðila svo sem sveitarfélög sem land eiga að þjóðgarðinum né þá sem innan hans starfa m.a. ferðaþjónustuaðila. Ekki var kallað eftir umsögn ferðamálaráðs sem er miður þar sem sameiginlegir hagsmunir þjóðgarðsins og ferðaþjónustuaðila eru miklir. Ferðamálaráð óskar eftir því að framvegis verði leitað umsagna ráðsins um málefni þjóðgarðsins og felur ritara ráðsins að koma þeim skilaboðum áleiðis til stjórnar þjóðgarðsins sem og Umhverfissráðuneytis.

Niðurstaða og ákvarðanir

Ritari fær gögn frá skrifstofustjóra skrifstofu Ferðamála og kemur þeim á ráðið.

Ritari kemur bókun um málefni Vatnajökulsþjóðgarðs áleiðis til stjórnar þjóðgarðsins og Umhverfissráðuneytis.

Formaður ráðsins ráðfærir sig við verkefnastjóra Ferðamálaáætlunar 2020-2025 ásamt því að fá fund með ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til að gera grein fyrir sjónarmiðum ráðsins varðandi tillögur fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Fundargerð ritaði Ása María H. Guðmundsdóttir